

Umhverfis og auðlindaráðuneytið
Hugi Ólafsson
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2018

Efni: Umsögn um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Landssamtök sauðfjárbænda (LS) fagna áformum stjórnvalda sem fram koma í drögum að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Það er gífurlega mikilvægt að við náum þeim markmiðum sem við höfum sett okkur í loftslagsmálum. Hér er um að ræða umfangsmesta verkefni á sviði umhverfismála sem heimurinn hefur staðið frammi fyrir.

Á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda 30. og 31. mars 2017 var samþykkt stefnumótun samtakanna til ársins 2027. Þar kemur meðal annars fram að íslensk sauðfjárrækt skuli kolefnisjöfnuð eins fljótt og auðið er.

„Fyrir árið 2027 skal íslensk sauðfjárrækt verða kolefnisjöfnuð. Þetta verður gert með landgræðslu, skógrækt, endurheimt votlendis, eldsneytisskiptum og fleiri leiðum samkvæmt aðgerðaáætlun Umhverfiráðgjafar Íslands ehf. frá mars 2017 sem unnin var fyrir Landssamtök sauðfjárbænda. Leitað verður samstarfs og stuðnings stjórnvalda og annarra aðila. Stefnt er að því að allar afurðir frá íslenskum sauðfjárbændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar eins fljótt og kostur er.“

Landssamtök sauðfjárbænda fengu Umhverfiráðgjöf Íslands ehf til þess að leggja mat á kolefnislosun íslenskrar sauðfjárræktar og benda á leiðir til jöfnunar með minnkun losunar eða mótvægisáðgerðum

Í ljósi þeirrar stefnu sem samtökin hafa sett sér í loftslagsmálum er það mikið ánægjuefni að í aðgerðaráætluninni er gert sérstaklega ráð fyrir samstarfi við sauðfjárbændur um kolefnisbindingu. Við hvetjum til þess að frekara samstarf verði haft við samtökin um fyrirkomulag verkefnisins og því verði tryggt fjármagn í samræmi við tillögur sem mótaðar hafa verið fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

Ennfremur vilja Landssamtök sauðfjárbænda benda á það að mikið verk er óunnið í rannsóknnum á kolefnislosun og bindingu við íslenskar aðstæður. Mikilvægt er að stuðla að því samhliða aðgerðum að auka vísindalega þekkingu.

Landssamtök sauðfjárbænda taka undir þau markmið í áætluninni að draga úr notkun á tilbúnum áburði og bæta meðferð búfjáraþurðar. Þessum markmiðum verður best náð með því að efla grunnrannsóknir í jarðrækt og fóðuröflun samhliða því að setja sérstakt átak í það að efla til muna ráðgjöf til bænda. Hér má sem dæmi nefna að sérstakt átak í gróffóðurrækt myndi styðja við fjölmörg markmið í áætluninni með því að nýta betur núverandi ræktunarland og hámarka nýtingu næringarefna. Reyndar má horfa til þess að gera sérstakt átak til að efla enn fremur rannsóknir og ráðgjöf sem miðar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegund í landbúnaði.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda

Oddný Steina Valsdóttir

Oddný Steina Valsdóttir
Formaður